



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Fiðlukonsert og hirðdansar

24. október 2013





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

**Áætluð tímalengd verka:**

*Purcell-svíta: 14'00''*

*Fiðlukonsert: 36'00''*

*Hirðdansar: 10'00''*

*Sinfónía nr. 102: 30'00''*

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

# Fiðlukonsert og hirðdansar

Fim. 24. október » 19:30

**Andrew Manze** hljómveitarstjóri

**Anthony Marwood** einleikari

**Henry Purcell/  
Andrew Manze**

*Prucell-svíta (2008/2013)*

*Útfararmars fyrir Maríu drottningu*

*Fantasía um eina nótu*

*In Nomine*

*Útfararmars (endurtekinn)*

**Benjamin Britten**

*Fiðlukonsert í d-moll, op. 15 (1939)*

*Moderato con moto*

*Vivace*

*Passacaglia*

Hlé

**Benjamin Britten**

*Hirðdansar úr Gloriana, sinfónískri svítu, op. 53a (1953)*

*March*

*Coranto*

*Pavane*

*Morris Dance*

*Galliard*

*Lavolta*

*March*

**Joseph Haydn**

*Sinfónía nr. 102 í B-dúr, Hob.I:102 (1794)*

*Largo - Allegro vivace*

*Adagio*

*Menuetto & Trio: Allegro*

*Finale: Presto*

## Andrew Manze

hljómssveitarstjóri



Andrew Manze hefur á skömmum tíma skipað sér í hóp markverðustu hljómssveitarstjóra samtímans og skapað sér sérstöðu vegna einstakra hæfileika í tónlistarmiðlun, kraftmikils stjórnunarstíls og yfirgripsmikillar þekkingar á tónbókmenntunum. Á komandi ári tekur hann við stöðu aðalhljómssveitarstjóra NDR útvarpshljómssveitarinnar í Hannover en auk þess eru framundan verkefni hjá Fílharmoníu-hljómssveitunum í New York, Los Angeles og London ásamt verkefnum með Gewandhaus-hljómssveitinni og BBC hljómssveitunum. Manze hefur verið aðalstjórnandi sinfóníuhljómssveitar Helsingborgar í Svíþjóð síðan í september 2006 en með hljómssveitinni hefur hann gefið út fjölda geisladiska, meðal annars með Harmonia Mundi og Hyperion.

Sem gestastjórnandi hefur hann verið í samstarfi við leiðandi hljómssveitir eins og Þýsku sinfóníuhljómssveitina í Berlín, Fílharmoníusveit München, Konunglegu fílharmoníusveitina í Stokkhólmi, Finnsku útvarpshljómssveitina, Sinfóníuhljómssveit Gautaborgar, Fílharmoníusveit Óslóar, Sinfóníuhljómssveit Birmingham, Mahler kammersveitina og Skosku og Sænsku kammerhljómssveitirnar.

Eftir nám í fornklassískum bókmenntum við háskólann í Cambridge lagði Manze stund á fiðluleik og varð á skömmum tíma leiðandi afl í upprunatúlkun tónlistar. Hann var aðstoðarhljómssveitarstjóri The Academy of Ancient Music 1996 og listrænn stjórnandi The English Concert frá 2003-2007. Fiðluleik Manze má heyra á fjölda geisladiska sem margir hverjir hafa hlotið viðurkenningar. Manze er heiðursfélagi í Konunglegu akademíunni í London og gesta-prófessor við Óslóarakademíuna. Hann heldur fyrirlestra víða og skrifar mikið um tónlist en ásamt því að koma reglulega fram í útvarpi og sjónvarpi hefur Manze lagt útgáfufyrirtækjunum Bärenreiter og Breitkopf og Härtel lið við nýjar útgáfur af sönötum og konsertum eftir Mozart og Bach. Manze sótti Ísland heim árið 1998 og lék þá á Sumartónleikum í Skálholtskirkju.

## Anthony Marwood

einleikari



Breski fiðluleikarinn Anthony Marwood hefur hlotið mikið lof fyrir litríka túlkun og tjáningarríkan leikmáta en hann flytur jöfnum höndum einleikskonserta og kammertónlist ásamt því að halda einleikstónleika og stíga sjálfur á stjórnendapallinn. Marwood var listrænn stjórnandi Írsku kammerhljómssveitarinnar og hefur unnið náið með The Academy of St Martin in the Fields og Les Violons du Roy. Marwood hefur leikið með leiðandi hljómssveitarstjórum á borð við Valery Gergiev, Yan Pascal Tortelier, Marin Alsop, David Robertson og Ilan Volkov.

Fjöldi verka hefur verið saminn fyrir Marwood og má þar nefna *Concentric Paths* eftir Thomas Adès og konsert eftir Sally Beamish sem gefin var út af BIS. Marwood tók þátt í uppfærslu The Academy of St Martin in the Fields á *Sögu dátans* eftir Stravinskij þar sem Marwood var í hlutverki hermansins ásamt því að leika á fiðluna en uppfærslan var útnefnd sem einn af eftirtektarverðustu menningarviðburðum ársins 2005 af Daily Telegraph. Marwood hefur í fjölda ára unnið með indverska dansaranum Mayuri Boonham en uppfærslur þeirra í The Palace Theatre, South Bank og Konunglega óperuhúsinu hafa hlotið sérstakar viðurkenningar.

Marwood hefur gefið út tugi geisladiska með Hyperion plötu-fyrirtækinu, meðal annars heildarverk Stravinskíjs fyrir fiðlu og píanó ásamt Thomas Adès sem fékk afbragðsgóða dóma hjá BBC tónlistarritinu og The Times. Jafnframt hafa upptökur hans af fiðlukonsertum eftir Petris Vasks og Kurt Weill fengið firnagóða dóma. Árið 2010 gaf EMI út rómaða upptöku af fiðlukonsertinum eftir Thomas Adès sem Gramophone tímaritið tilnefndi sem upptöku mánaðarins. Árið 2011 gaf plötufyrirtækið Hyperion út fiðlukonsertinn og tvíkonsertinn eftir Benjamin Britten þar sem Marwood leikur ásamt Lawrence Power með Skosku BBC hljómssveitinni undir stjórn Ilans Volkov.

Marwood leikur á Carlo Bergonzi fiðlu frá 1736.

## Henry Purcell/Andrew Manze

Purcell-svíta



Henry Purcell (1659-1695) var kórdrengur í Chapel Royal frá átta ára aldri og naut leiðsagnar í tónlist frá Henry Cooke, Pelham Humfrey og John Blow. Árið 1673 var hann skipaður gæslumaður hinna konunglegu hljóðfæra og fjórum árum síðar var hann orðinn tónskáld konunglegu hljómsveitarinnar. Purcell tók við af Blow sem organisti Westminster Abbey 1679 og þremur árum síðar tók hann einnig við organistastöðu í Chapel Royal. Árið 1689 samdi hann einu óperu sína *Dido og Aeneas* sem ber hróður hans hvað hæst en það er jafnframt eina óperan sem samin var af Englendingi þar til Benjamin Britten kom fram á sjónarsviðið. Purcell samdi mikið af leikhústónlist, trúarlegri tónlist; sálmum, kantötum og lofsöngvum en þeirra á meðal er *My Heart Is Inditing* sem samið var fyrir krýningu James II og telst til höfuðverka enskrar kirkjutónlistar frá 17. öld. Þó Purcell hafi skapað hinn eina sanna enska barokkstíl þá hafði tónlist hans yfir sér samevrópskt yfirbragð. Áhrifa frá Jean-Baptiste Lully gætir bæði í sviðstónlist hans og dönsum en einnig varð hann fyrir áhrifum frá ítalska skólanum. Purcell hafði ríka hrynn- og formtilfinningu og réði yfir góðri kontrapunktískri tækni en fyrst og fremst var hann jöfur laglínunnar þar sem hann setti túlkun tilfinninga fram í ríku mæli og enskan texta við tónlist sína af þvílíku næmi að eftir var tekið. Það var líkt með Purcell og Bach að tónlist hans féll í gleyskunnar dá eftir dauða hans. Það var ekki fyrr en að Purcell-félagið var stofnað 1876 að hafist var handa við að rannsaka og safna saman verkum tónskáldsins. Þeirri rannsóknarvinnu lauk 1926 en þá fylltu tónverk Purcells alls 22 bindi.

Hljómsveitarstjórinn Andrew Manze tók saman einstök verk eftir Henry Purcell og setti saman í svítusemhannefnir *Purcell-svítu*. Öll verkin í svítunni eru útsett af Manze en síðastliðin fimm ár, eða svo, hefur hann flutt *Purcell-svítur* af þessum toga en þó aldrei í þeirri samsetningu og uppröðun sem við heyrum á tónleikum kvöldsins. Svítan er byggð upp af fjórum verkum þar sem upphafs- og lokaþættirnir eru sama tónsmíðin með

eilitlum varíanti „til að endurspeglar við lok flutningsins dýpri skilning á tónskáldinu Purcell“ eins og stjórnandinn komst að orði. Um hina stakstæðu þætti svítunnar segir Manze:

„Fyrsti þátturinn *Útfararmars fyrir Maríu drottningu* er eitt af hógværustu en jafnframt áhrifaríkustu verkum enskra tónbókmennta. Annar þátturinn, *Fantasía um eina nótu*, var í upphafi lítið annað en æfing í tónsmíðum sem iðulega er flutt á fimmstrengjahljóðfæri, oftast gömbur. Purcell gerði ekki grein fyrir sérstakri hljóðfæraskipan en hér er þátturinn útfærður fyrir tré- og málmblásara. Nótan eina, mið-c, er auðheyranleg gegnum allt verkið. Þriðji þátturinn, *In nomine a7*, gefur til kynna að *In nomine*-þátturinn sé fyrir sjö hljóðfæraraddir. Mörg verk með heitinu *In nomine* voru samin í Englandi á 16. og 17. öld, flest þeirra voru fjölradda invensjónir sem byggðu á *In nomine*-söngnum. *In nomine* eftir Purcell, sem hér er útsett fyrir strengjahljóðfæri, er ekki aðeins það síðasta (þar til á seinni tímum) heldur að öllum líkindum það besta.“

### Tónlistin á Íslandi

Tónlist eftir Purcell hefur ekki hljómað oft í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þó hefur Sónata fyrir trompet og strengi verið flutt tvisvar sinnum á 10 ára millibili af trompetleikurum hljómsveitarinnar. Ásgeir H. Steingrímsson flutti sönötuna 1984 undir stjórn Páls P. Pálssonar og Guðmundur Hafsteinsson árið 1994 undir stjórn Gerrit Schuil í Háskólabíói.

## Benjamin Britten



Benjamin Britten (1913-1976), maðurinn sem vakti enska óperu upp af Þyrnirósarsvefni, er hylltur af löndum sínum og heiðraður sem eitt eftirtekta verðasta enska tónskáldið frá dögum Henrys Purcell. Britten fæddist í Lowestoft, litlum strandbæ í Suffolk, og stóð æskuheimilið við sjóinn. Tónskáldið sagði að „uppvaxtarárin hefðu litast af hvassviðrinu við sæinn þar sem ógnarkraftar hafsins skiluðu ófáum skipum upp í fjöru.“ Það er engum vafa undirorpið að samtal við samfélagið og hlustandann var Britten ofarlega í huga. „Ég trúí að listamaðurinn þjóni samfélaginu“ sagði hann. „Það er betra að vera lélegt tónskáld sem semur fyrir samfélagið heldur en að vera lélegt tónskáld sem semur því til ógagns. Að minnsta kosti geta verk manns verið til einhvers brúklegr.“

Britten fékk inngöngu í Konunglega tónlistarháskólann í London 1930 og nam tónsmíðar hjá John Ireland og píanóleik hjá Arthur Benjamin. Sá kennari sem hafði þó mest áhrif á hann var Frank Bridge og tókst með þeim mikil vinátta. Það voru tilbrigði Brittens um stef eftir Frank Bridge (1937) sem fluttu á Salzburgar-hátíðinni sem komu Britten á kortið hjá hlustendum í alþjóðlegum skilningi. Britten, sem var einarður friðarsinni, yfirgaf England 1939 og fór til Bandaríkjanna þar sem hann deildi íbúð með tenórnum og lífsförunautnum, Peter Pears og enska skáldinu W.H. Auden. Á meðal þeirra verka sem Britten samdi í Bandaríkjunum eru *Les Illuminations* (1939), *Fiðlukonsertinn* (1939), *Sinfonia da requiem* (1940) og óperettan *Paul Bunyan* (1941) við texta Audens. Árið 1942 var Britten heltekinn af heimþrá og fór ásamt Pears til Englands en á heimleiðinni, um borð í M.S. Axel Johnson, samdi hann kórverkið *A Ceremony of Carols* sem hefur frá upphafi verið ómissandi á jólum. Við heimkomuna voru Britten og Pears undanþegnir herskyldu en sinntu samfélagsþjónustu í formi tónlistariðkunar á spítölum og víðar um gjörvallt England.

Árið 1947 flutti Britten til strandbæjarins Aldeburgh í Suffolk, nærri fæðingarstað sínum. Ári síðar kom hann, ásamt Pears, Aldeburgh-tónlistarhátíðinni á laggirnar sem er við lýði enn þann dag í dag og telst til merkari tónlistarhátíða Evrópu. Upphaflega var markmiðið að setja upp kammeróperur eftir ensk tónskáld á hátíðinni en í árunna rás þróaðist verkefnið í yfirgripsmikla listahátíð með fjölda listsýninga og tónleika þar sem mörg verka Brittens heyrðust í fyrsta sinn.

Britten var bráðþroska píanóleikari og byrjaði að semja þegar í bernsku. Þegar hann hafði náð 14 ára aldri lá eftir hann fullgerð sinfónía, sex strengjakvartettar og tíu píanósónötur. Nokkrar af þeim laglínur sem hann varðveitti frá æskuárunum birtast í verkinu *Simple Symphony* (1934). Madrígalar frá endurreisnartímanum og tónlist eftir Purcell ásamt gamalli músík af ýmsum toga voru alla tíð uppspretta í tónsköpunarferli Brittens. Hann hafði sérstakt lag á að færa fyrritimatónlist í nútíma klæði án þess að fórna sterkum sérkennum hennar en samþætting hins gamla og nýja er einkennandi fyrir margar tónsmíðar Brittens. Í því sambandi má nefna *Lachrymae* (1950), þar sem vitnað er í John Dowland, og *Hljómsveitin kynnir sig* (1946), þar sem lagt er út frá stafi eftir Purcell. Einnig er að finna miðaldasönginn *Sumer is icumen in* í verkinu *Spring Symphony* (1949). Britten samdi í mörgum formum tónlistar en eflaust stóð hjarta hans næst sú tónlist sem hann skrifaði fyrir raddir; 11 óperur, 13 ljóðabálkar, 10 kantötur og minni verk. Meðal þekktari ópera hans eru *Peter Grimes* (1945), *Lúkretía svívirt* (1946), *Billy Budd* (1951) og *Tökin hert* (1954).

Benjamin Britten var fyrsta breska tónskáldið sem hlaut lávarðarnafnbót árið 1976 og varð þar með Britten lávarður af Aldeburgh.

## Tónlistin á Íslandi

*Fiðlukonsertin eftir Britten hefur einu sinni áður hljómað í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Guðný Guðmundsdóttir, þáverandi konsertmeistari sveitarinnar, flutti konsertinn árið 1996 undir stjórn Sidneys Hart í Háskólabíói.*

### Fiðlukonsert í d-moll, op. 15

Britten lauk við fiðlukonsert sinn í Quebec 29. september 1939 og hafði þá unnið að tónsmíðinni í tæpt ár. Konsertinn var frumfluttur 27. mars 1940 af spænska fiðluleikaranum Antonio Brosa ásamt Fílharmóníusveit New York-borgar undir stjórn breska hljómsveitarstjórans Sir John Barbirolli í Carnegie Hall. Konsertinum var vel tekið í alla staði en Britten endurritaði hann í tvígang; fyrst 1950 og síðar 1958. Britten skrifaði til útgefanda síns Ralphs Hawkes: „Án vafa er þetta besta verkið mitt til þessa. Ég er hræddur um að það sé fremur alvarlegt – en inniheldur nokkur lög!“

Britten dvaldi í Barcelóna árið 1936, stuttu áður en spænska borgarastyrjöldin braust út, og lék á alþjóðlegri hátíð samtímatónlistar með Brosa. Í Barcelóna heyrði Britten fiðlukonsert Bergs en konsertinn hafði mikil áhrif á hann og ýtti undir þá hugmynd að semja fiðlukonsert sem eins konar sálumessu. Dagbókarfærslur og bréf Brittens frá þessum tíma sýna að hann var heltekinn af staðfastri andúð sinni á stríðsrekstri en fiðlukonsertinn var saminn á meðan á spænsku borgarastyrjöldinni stóð og í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari. Britten átti vini, enska sjálfboðaliða, sem börðust í borgarastyrjöldinni með lýðveldissinum og skrifaði: „Það er á tímum sem þessum sem vinna er svo mikilvæg, að menn geti hugsað um eitthvað annað en að sprengja hvern annan í loft upp.“

Fiðlukonsert Brittens fylgir ekki hinni hefðbundnu hröðu-hægu-hröðu þáttauppbyggingu heldur eru ytri þættir konsertsins breytilegir í hraðavali, allt frá því að vera fremur hægir í tempói upp í það að vera tiltölulega hraðir en miðþáttur konsertsins er snörp, virtúósísk gletta.

Konsertinn hefst á spænskættuðu fimm tóna hrynmótífi, leiknu af pákum og málmgjöllum, mótífi sem unnið er með í gegnum upphafsþáttinn. Einleiksfíðlan hefur upp raust sína

með lýrískri laglínu sem sveiflast á milli dúr og moll, nokkuð sem einkennir konsertinn allt til loka. Annað stef er kynnt til leiks af einleikaranum sem er öllu taktfastara en það fyrra. Undir lok þáttarins tekur einleikarinn yfir pákustefið ásamt lægri strengjum hörpu og bassatrommu en fiðlur og víólur leika laglínuna. Þættinum lýkur á hægferðugu sorgarljóði leiknu af fiðlunni með spænska hrynninn undirliggjandi og fjarar smám saman út.

Annar þáttur konsertsins, *scherzo*, er í senn fullur af angist og spennu þar sem einleiksparturinn er jafn kostulegur og hann er afskræmdur. Meginstefið, sem spannar tvær áttundir, er kynnt til leiks af einleikaranum. Við undirleik dempaðra strengja er *scherzo*-stefið orðið að túbúsólói með þátttöku tveggja dansandi piccolóflauta. Spennan eykst og þegar hljómsveitin hljóðnar heldur einleikarinn áfram og er þetta í raun upphaf kadensunnar sem leiðir yfir í lokakaflann. Í kadensunni heyrir tónlist sem er kunn, spænska hrynnstefið og ljóðræna laglínun úr fyrsta þætti, en jafnframt undirbyr kadensan hlustandann fyrir tónlist lokapáttarins, passacagliu. Það eru básúnurnar þrjár, sem haldið hefur verið til hlés fram að þessu, sem af hógvæð skerast í leikinn í lok kadensunnar og kynna stef passacagliunnar til sögunnar.

Passacaglian er sú fyrsta af mörgum sem Britten notar á tónsmíðaferli sínum. Passacaglian byggir á stafi sem tónskáldið semur tilbrigði við yfir síendurtekið bassastef. Stef Passacagliunnar er byggt upp á rísandi og fallandi tónstigum þar sem skiptast á heil- og hálfónsbil svona til að undirstrika hreyfinguna á milli dúr og moll. Tilbrigðin í lokapættinum eru níu, hvert og eitt með sterkum karaktereinkennum. Konsertinum lýkur á hendingum fyrir einleiksfíðluna þar sem ekki verður um villst að fiðlan flytur „sorgarljóð yfir undirliggjandi harmleik“ til minningar um bresku sjálfboðaliðana sem féllu á Spáni.

## Tónlistin á Íslandi

Hirðdansar eftir Britten hljóma nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníu-  
hljómsveitarinnar.

Mörg verka tónskáldsins hafa verið flutt í árunum síðar af SÍ en ekkert jafn oft og Hljómsveitin kynnir sig. Það hljómaði fyrst undir stjórn Bohdans Wodiczko í Þjóðleikhúsinu 1960 og síðast árið 2011 í Hörpu en þá var fúga verksins leikin undir stjórn Bernhards Wilkinsonar.

### Hirðdansar úr Gloriana, sinfónískri svítu, op. 53a

Óperan *Gloriana* var kostuð af Konunglega óperuhúsinu í Covent Garden fyrir krýningu Elísabetar II Englandsdrottningar. Óperan, sem er í þremur þáttum, styðst við texta eftir William Plomer sem er byggður á sögunni um Elizabeth og Essex (1928) eftir Lytton Strachey. Verkið var tileinkað hennar hátign og frumflutt í Covent Garden 8. júní 1953. Söguþráður óperunnar snýr að síðari árum í valdatíð Elísabetar I og sambandi hennar við jarlinn af Essex, Robert Devereaux. Hlutverk Elísabetar söng Joan Cross en Peter Pears var í hlutverki jarlsins.

Britten hóf að semja óperuna í maí 1952 og lauk við smíði hennar í mars ári síðar. Óperunni var vægast sagt illa tekið við frumflutning, of mikil áhersla þótti lögð á breyskleika drottningar, samband hennar við jarlinn og afbrýði hirðarinnar. Tónskáldið var jafnframt gagnrýnt fyrir að enda óperuna á hinu talaða orði fremur en tónlist. Drottningunni, Elísabetu II, var ekki skemmt og Harewood lávarður, frændi drottningar og áhrifamaður í bresku menningarlífi, lét síðar hafa eftir sér að „uppfærslan væri eitt af stórslysum óperusögunnar“.

Í óperunni *Gloriana* nýtir Britten hjómsveitarmillispilin ekki einvörðungu til að tengja saman dramatíska framvindu heldur hugsaði hann þau einnig sem sjálfstæða hljómsveitartónlist. Úr óperunni vann tónskáldið nokkur verk sem hentuðu til flutnings á tónleikum en eitt þeirra er *Sinfónísk svíta*, op. 53a. *Hirðdansarnir* koma úr þriðja þætti svítunnar, þeir eru sjö að tölu og leiknir án hlés. Dansarnir koma hins vegar fyrir í II þætti óperunnar sjálfar, á dansleik sem haldinn er af drottningunni og hafa öðlast fastan sess á tónleikadagskrám. Síðasti dansinn (fyrir endurtekningu marsins) *Lavolta* er kröftugur og þróttmikill dans þar sem dómunum er fleygt hátt í loft upp af dansfélögum sínum. Svo mikill er hamagangurinn að eftir dansinn fyrirskipar drottningin: „*Ladies, do change they linen!*“



## Joseph Haydn

Sinfónía nr. 102 í B-dúr, Hob.I:102

Franz Joseph Haydn (1732-1809) hóf síðasta skeið sitt í sinfónískum skrifum í september 1790, eftir lát Nikolaus Esterházy prins, atvinnuveitanda hans til margra ára. Haydn flutti frá Eisenstadt til Vínarborgar, vel efnum búinn, í leit að nýjum tækifærum. Frumkvöðullinn og fiðluleikarinn Johann Peter Salomon, sem hafði skapað sér gott orðspor í London sem tónleikahaldari, var í árlegri Evrópuferð sinni í leit að tónlistarfólki þegar hann las í Kölnarblaðinu um lát Estarházy prins. Salomon hafði margoft áður boðið Haydn til samstarfs en nú voru aðstæður honum hagstæðar og Salomon sannfærði Haydn um að reyna fyrir sér í London. Þeir fóru frá Vínarborg 15. desember og komu til London á nýársdag 1791. Hljómsveit Salomons í London, sú sem Haydn samdi *Lundúnarsinfóníur* fyrir, samanstóð af 12-16 fiðlum, fjórum víólum, þremur sellóum og fjórum bössum ásamt þörum afblásturshljóðfærum og pákum. Haydn fór í tvær ferðir til London á árunum 1791-1792 og 1794-1795 og samdi síðustu 12 sinfóníur sínar meðan á dvölinni stóð fyrir utan sinfóníu nr. 99 sem var saminn í Vín. Fyrri tónleikatímabil Haydns í Hanover Square Rooms í London var frá mars til júnímánaðar 1791. Á því tímabili samdi hann sinfóníur nr. 96 og 95 ásamt því að stjórna nokkrum af fyrri sinfóníum sínum. Hann framlengdi dvöl sína um eitt ár og 1792 samdi hann fjórar sinfóníur til viðbótar: nr. 93, 94, 98 og 97. Á sumarmánuðum hélt Haydn aftur til Austurríkis og dvaldi næsta ár í Vín þar sem sinfónía nr. 99 leit dagsins ljós og einstakir kaflar úr sinfóníum nr. 100 og 101. Haydn fór aðra ferð sína til London í febrúar 1794 og var svo góður rómur gerður að verkum tónskáldsins að hann framlengdi dvöl sína um eitt ár en í framhaldinu reyndu áhugasamir að freista þess að fá Haydn til að setjast að á Englandi. Haydn snéri hins vegar aftur til Austurríkis þar sem Nicolaus II prins, arftaki Antons prins sem lést 1794, lét endurreisa Esterházy-hljómsveitina og Haydn fékk enn á ný nafnbótina Kapellmeister. Haydn bjó við meira frelsi en áður þegar hann þjónaði Estarházy fjölskyldunni og varði tíma sínum bæði í Vín og Eisenstadt. Hann kynnti *Lundúnarsinfóníurnar* bæði í Vín og fyrir hinni

## Tónlistin á Íslandi

*Sinfónía nr 102 hefur verið flutt tvisvar sinnum af hljómsveitinni; árið 1971 á utanbæjartónleikum undir stjórn George Cleve og 1974 á áskriftartónleikum undir stjórn Páls P. Pálssonar. Nótturnar sem hljómsveitin leikur eftir á tónleikunum í kvöld voru í eigu Róberts Abrahams Ottóssonar og eru frá árinu 1955.*

nýju hljómsveit í höllinni í Eisenstadt. Haydn gerði breytingar á nokkrum sífóníum sínum þegar hann snéri aftur til Austurríkis þar á meðal sífóníu nr. 102 og er þá vitnað í Vínar-Eisenstadt útgáfuna í stað Lundúnarútgáfunnar.

*Sinfónía nr 102* er í hópi þriggja síðustu sífónía Haydns en um flutning sífóníanna mátti lesa í *The Morning Chronicle* eftir frumflutninginn: „Það er ekki hægt að lýsa dásemdinni í orðum, til að skilja hana, maður verður að hafa heyrt tónlistina.“

Fyrsti þáttur sífóníunnar *Largo – allegro vivace* hefst á hægum inngangi en við tekur líflegt fyrsta stef leikið af fiðlum sem er bergmálað í flautum og síðan er lagrænt annað stefið kynnt til leiks. *Andante*-kaflinn með undurfallegri og fagaðri einleikslínu fyrir selló ritaður fyrir dempaða trompeta og trommur er í eins konar tilbrigðaformi en þátturinn kemur einnig fyrir í píanótríói Haydns í fis-moll. Menúettinn er gáskafullur með lýrískum tríókafla þar sem óbóin og fagottin eiga óþýða spretti. Lokabátturinn er fagaður og hnyttinn en tónlistarfræðingar hafa velt vöngum yfir því hvort lagræn uppspretta fjórða og síðasta þáttar sífóníunnar sé króatískt þjóðlag.

## Hljómsveit á tónleikum

24. október 2013

### 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Bryndís Pálsdóttir  
Andrzej Kleina  
Rósa Guðmundsdóttir  
Lin Wei  
Sigríður Hrafnkelsdóttir  
Mark Reedman  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

### 2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Joanna Bauer  
Christian Diethard  
Þórdís Stross

### VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrunn Harðardóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

### SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Lovísa Fjeldsted

### BASSI

Hávarður Tryggvason  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

### FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Hafdis Vigfúsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir

### ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

### KLARINETT

Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

### FAGOTT

Katarzyna Zdybel  
Rúnar Vilbergsson

### HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Þorkell Jónsson  
Lilja Valdimarsdóttir

### TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

### BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

### TÚBA

Nimrod Ron

### HARPA

Katie Buckley

### PÁKUR

Eggert Pálsson

### SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson

Anna Kristín Einarisdóttir framkvæmdastjóri  
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður  
Sigbör J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri  
Una Eyþórsdóttir mannaðsstjóri  
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi



# GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval  
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða

Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, [www.gamma.is](http://www.gamma.is)



**GAMMA**

GAM Management hf